

Erindisbréf velferðar- og mannréttindaráðs Kópavogs

I. Kafli

Skipan og umboð.

1. gr.

Málaflokkar.

Velferðar- og mannréttindaráð Kópavogs er kosið af bæjarstjórn Kópavogsbæjar, á fyrsta eða öðrum fundi, að afloknum sveitarstjórnarkosningum og fer, í umboði bæjarstjórnar, með yfirstjórn barnaverndarþjónustu samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002, málefni félagsmálanefndar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, málefni húsnæðisnefndar samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, málefni samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og málefni mannréttinda, - lýðræðis- og jafnréttismála samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga um stjórnslu jafnréttismála nr. 151/2020, með vísun í lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og lög um jafna meðferð nr. 85/2018 og 86/2018.

2. gr.

Ráðsmenn og áheyrnarfulltrúar.

Ráðið er skipað sjö ráðsmönnum í samræmi við viðauka III. við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar (bæjarmálasamþykkt), og jafn mörgum til vara. Ráðið er kosið til fjögurra ára í senn. Bæjarstjórn kys formann og varaformann. Ráðsmenn hafa málfrelsi á fundum ráðsins auk þess sem ráðsmenn hafa þar tillögurétt og atkvæðisrétt.

Áheyrnarfulltrúar skulu skipaðir í samræmi við 40. gr. bæjarmálasamþykktar. Áheyrnarfulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum ráðsins en ekki atkvæðisrétt.

II. Kafli

Fundir og starfshættir.

3. gr.

Hlutverk starfsmanns og sviðsstjóra.

Verkefnastjóri á velferðarsviði er starfsmaður ráðsins og hefur málfrelsi á fundum. Starfsmaður undirbýr og boðar fundi ráðsins í samráði við formann. Starfsmaður ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum ráðsins sé hrint í framkvæmd. Sviðsstjóri velferðarsviðs situr fundi ráðsins og hefur þar málfrelsi.

4. gr.

Fjöldi funda.

Fjöldi funda ráðsins er ákvarðaður við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Á fyrsta eða öðrum fundi að loknum kosningum og árlega eftir það skal formaður leggja fram funda- og starfsáætlun til samþykktar.

5. gr.

Boðun og dagskrá.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir ráðsmenn og áheyrnarfulltrúar verið boðaðir með að minnsta kosti eins sólarhrings fyrirvara. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins og nauðsynleg fundargögn.

Í dagskrá skal tilgreint við hvern dagskrárlið hvort mál sé lagt fram til kynningar, umræðu eða ákvörðunar. Í tillögurétti felst réttur til þess að óska eftir að málefni verði tekið á dagskrá fundar. Ef

enginn ráðsmanna andmælir því að formaður stýri fundi á grundvelli útsendrar dagskrártillögu telst hún þegjandi samþykkt sem dagskrá fundarins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá enda samþykki 2/3 viðstaddra ráðsmanna þau afbrigði. Þó er skylt að fresta ákvörðun í slíku máli ef einhver ráðsmanna óskar þess.

6. gr.

Fundarsókn.

Ráðsmanni er skylt að sækja alla fundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem veikindi. Geti ráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað og tilkynna það formanni og starfsmanni ráðsins.

Ráðsfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur ráðsmanna er mættur á fundinn. Ráðið getur enga bindandi ákvörðun tekið nema fundur sé lögmætur.

Áheyrnarfulltrúi sem ekki getur mætt til fundar ber ábyrgð á að boða varaáheyrnarfulltrúa í sinn stað og tilkynna það formanni og starfsmanni ráðsins.

Geti varamenn eða varaáheyrnarfulltrúar ekki mætt til fundar skal boða fulltrúa í efsta sæti á lista viðkomandi framboðslista. Geti viðkomandi ekki mætt skal koll af kolli boða næsta fulltrúa á framboðslistanum.

7. gr.

Fundarsköp og málsmeðferð.

Um fundarsköp og málsmeðferð í ráðinu fer eftir því sem við á samkvæmt viðauka II. við bæjarmálasamþykkt að því leyti sem ekki er á annan veg mælt fyrir um í erindisbréfi þessu.

Formaður stýrir fundum ráðsins og varaformaður í forföllum formanns. Ef formaður og varaformaður eru forfallaðir felur formaður öðrum ráðsmanni að stýra fundi.

Fundur ráðsins skulu jafnan haldnir fyrir luktum dyrum. Ráðið getur boðað starfsfólk bæjarins á sinn fund og aðra til upplýsingagjafar undir umræðu um einstaka mál. Starfsfólk og gestir skulu víkja af fundi að upplýsingagjöf lokinni.

Ráðið getur aðeins tekið ákvarðanir á lögmætum fundum.

Ráðið skal á fundum sínum hvort sem er taka fyrir þau erindi sem berast eða taka fyrir mál að eigin frumkvæði. Ráðið skal fjalla um þau og gera tillögur um afgreiðslu þeirra til bæjarráðs. Á fundum er mál afgreitt með því að samþykkja það eða hafna, vísa því frá eða vísa því til staðfestingar bæjarráðs. Ráðið getur einnig vísað málum til umsagnar annarra nefnda, ráða eða sviðsstjóra, eða annarra aðila. Skal niðurstaða máls ráðast af einföldum meirihluta atkvæða.

Ráðinu er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

Ráðsmenn og áheyrnarfulltrúar eiga rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í ráðinu. Bókun felur einungis í sér afstöðu viðkomandi til máls en ekki beiðni um vinnuframlag eða ákvörðun í máli.

Ráðið skal við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir gæta að vönduðum stjórnsýsluháttum og að farið sé að stjórnsýslulögum og gildandi verklagsreglum.

8. gr.

Ritun fundargerða.

Um ritun fundargerðar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. II. viðauka bæjarmálasamþykktar.

9. gr.

Fundargerðir ráðsins skulu teknar á dagskrá bæjarráðs og bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar ber að taka þær sérstaklega fyrir á fundum bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar enda sé í fundargerð ráðsins skilmerkilega gerð grein fyrir því með tillögu þar að lútandi.

III. Kafli

Hlutverk og markmið.

10. gr.

Stefnumótun.

Ráðið markar drög að stefnu hvað varðar málaflokka skv. 1. gr. Ráðið endurskoðar gildandi stefnur málaflokksins ef tilefni er til og skal það gert í samræmi við ferli um mótun og endurmat stefna.

Ráðið felur sviðsstjóra velferðarsviðs að semja aðgerðaáætlun á velferðarsviði. Aðgerðaáætlun skal lögð fyrir ráðið til samþykktar og bæjarráð til staðfestingar.

Ráðið markar drög að reglum sem Kópavogsbæ ber að setja lögum samkvæmt á sviði málaflokka skv. 1. gr.

11. gr.

Hlutverk og verkefni.

Hlutverk og verkefni ráðsins eru:

1. Eftirlit með því að stefnum á velferðarsviði sé fylgt.
2. Eftirlit með því að unnið sé að settum markmiðum.
3. Eftirlit með skilvirkni og hagkvæmni þjónustu.
4. Eftirlit með upplýsingagjöf til íbúa um velferðarþjónustu bæjarfélagsins.
5. Eftirlit með því að þjónusta velferðarsviðs taki mið af þörfum íbúa bæjarfélagsins á hverjum tíma og þjónustan sé í samræmi við gildandi lög og reglur.
6. Veita árlega styrki og jafnréttisviðurkenningu til einstaklings, stofnunar, fyrirtækis, ráði Kópavogsbæjar, félagi eða fyrirtæki sem hefur að mati ráðsins staðið sig best undangengið ár við framgang jafnréttismála í Kópavogi.
7. Umsjón með undirbúningi og framkvæmd áætlunar sveitarfélagsins um markmið og aðgerðir til að koma í veg fyrir mismunun í sveitarfélaginu.
8. Ákvarðanir í málum sem vísað hefur verið til ráðsins skv. gildandi reglum á velferðarsviði.
9. Ákvarðanir um það hvort mál verði endurupptekið skv. IV. viðauka við bæjarmálasamþykkt.
10. Umsagnir, tillögur og ályktanir á málefnasviði ráðsins skv. 1. gr.
11. Önnur verkefni sem bæjarráð eða bæjarstjórn hefur falið ráðinu eða sem nefnd eru í öðrum ákvæðum erindisbréfsins, lögum eða reglugerðum.
12. Starfa samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun bæjarstjórnar.

12. gr.

Heimild til fullnaðarafgreiðslu.

Ráðinu er heimilt að afgreiða án staðfestingar bæjarstjórnar mál á verksviði þess ef lög eða eðli máls

mæla ekki sérstaklega gegn því, þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í samþykktum fjárhags-, framkvæmda- og starfsáætlunum og þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar.

IV. Kafli

Hæfi og skyldur.

13. gr.

Ráðið skal við allar ákvarðanir hafa heildarhagsmuni íbúa að leiðarljósi. Ráðsmönnum ber ávallt að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum.

Ráðsmenn sem sitja í stjórnnum í einkareknum eða opinberum félögum, sem gætu átt hagsmuna að gæta vegna beinna eða óbeinna viðskipta við bæjarfélagið, skulu upplýsa um það. Að öðru leyti vísast til siðareglna kjörinna bæjarfulltrúa hjá Kópavogsbæ sem skulu gilda um ráðsmenn og áheyrnarfulltrúa.

Ráðsmaður og áheyrnarfulltrúi eru vanhæfir til allrar þátttöku í meðferð máls sem varða þá sjálfa eða náð skyldmenni þeirra og skulu í slíkum tilvikum víkja af fundi áður en mál er tekið til umræðu. Um hæfi ráðsmanna, áheyrnarfulltrúa og starfsmanna ráðsins vísast til 17. gr. bæjarmálasamþykktar.

Ráðsmenn og áheyrnarfulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi ráðsins og leynt á að fara samkvæmt X. kafla stjórnsýslulaga eða eðli máls. Þagnarskylda helst þó látið sé af þessum störfum. Ráðið skal óska eftir því að gestir funda gæti trúnaðar eftir eðli máls hverju sinni.

14. gr.

Starfsmannamál.

Ráðið hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi þeirra starfsstöðva sem heyra undir ábyrgðar- og eftirlitssvið ráðsins. Ráðið hefur ekki boðvald yfir starfsfólki starfsstöðva né starfsfólki bæjarskrifstofu. Ráðsmenn koma ekki að ráðningu starfsfólks.

Rekstur starfsstöðva og starfsmannamál eru á ábyrgð ráðinnna stjórnenda. Forstöðumenn starfsstöðva eru ábyrgir fyrir rekstri, fjárhag og starfsemi sinnar starfsstöðvar og ábyrgir gagnvart sínum næsta yfirmanni.

V. Kafli

Gildistaka

15. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024.

Erindisbréf þetta var samþykkt í bæjarráði Kópavogs þann 17. júlí 2025 og tekur gildi frá þeim degi.